

Starfsáætlun Smáralundur



Skólaárið 2025 - 2026

Formáli

Í Smáralundi leggjum við áherslu á að skapa öruggt, hlýlegt og hvetjandi umhverfi þar sem velferð barna er í forgrunni. Gildi leikskólans – **hreyfing, hollusta og vellíðan** – endurspeglar þann grunn sem við byggjum allt starf á. Með því að hvetja börn til virkrar þátttöku í leik og hreyfingu, leggjum við rækt við heilbrigðan lífsstíl og hlúa að andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan þeirra, stuðlum við að heildrænum þroska og farsæld hvers barns.

Starfið okkar byggir á **menntastefnu Hafnarfjarðar**, þar sem lögð er áhersla á leik, lýðræði, sjálfbærni og sköpun. Við vinnum í anda **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**, sem tryggir börnum rétt til verndar, þátttöku, virðingar og að tjá sig um eigið líf og málefni sem þau varða. Við leggjum áherslu á að raddir barna fái að heyrast og móta bæði daglegt líf og þróun leikskólastarfsins.

Auk þess vinnum við samkvæmt **lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna**, þar sem lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og þverfaglegt samstarf í þágu heildræns stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra. Í Smáralundi leggjum við áherslu á virkt samstarf við foreldra og aðra fagaðila til að tryggja að öll börn fái að njóta sín og fái þann stuðning sem þau þurfa til að vaxa og dafna.

Í sameiningu sköpum við uppeldisumhverfi sem einkennist af virðingu, hlýju, gleði og fagmennsku – þar sem hvert barn fær tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Aðalnámskrá leikskóla.....	5
3. Einkunnarorð/ gildi	5
4. Megináherslur á skólaárinu	6
5. Starfsmannahald	8
6. Daglegt starf.....	10
7. Samstarf	11
8. Stoðþjónusta	11
9. Mat á skólastarfi	12
10. Öryggi og velferð.....	15
11. Lokaorð	16

1. Inngangur

Leikskólinn Smáralundur er lifandi og lærdómsríkt samfélag þar sem börn og fullorðnir vaxa og dafna saman. Einkunnarorð okkar – Hreyfing, hollusta og vellíðan – endurspeglar þá sýn sem við höfum á uppeldi og menntun: að börn þroskist best í umhverfi sem styður við bæði líkama og sál, eflir sjálfsmynd þeirra og stuðlar að heilbrigðum og innihaldsríkum lífsstíl frá fyrstu árum.

Starfið okkar byggir á hugmyndum fræðimannsins Vygotsky, sem lagði áherslu á félagslegt nám, mikilvægi tungumáls og þátttöku í menningarsamfélagi. Við lítum á barnið sem virkan þátttakanda í eigin námi, sem lærir í gegnum samskipti, samvinnu og merkingabærann leik. Þroski og nám eiga sér stað í nánu samspili við umhverfið og aðra – og við leggjum okkur fram við að skapa tækifæri fyrir börnin til að taka þátt, tjá sig og hafa áhrif.

Í Smáralundi leggjum við sérstaka áherslu á tónlist, hreyfingu og núvitund sem daglegan hluta leikskólastarfsins. Með þessum þáttum styðjum við líkamlegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska barnanna, auk þess sem þeir stuðla að aukinni einbeitingu, gleði og vellíðan. Við notum tónlist bæði sem tjáningarform og námsleið, og hreyfing er samþætt í leik og verkefni dagsins. Núvitund hjálpar börnum að tengjast eigin tilfinningum og umhverfi á meðvitaðan og rólegan hátt.

Allt starf í Smáralundi tekur mið af námskrá leikskóla og nær yfir alla námsþætti: læsi, stærðfræði, samfélag, náttúru, sköpun, heilbrigði og velferð. Við vinnum heildrænt að því að veita börnum fjölbreytt tækifæri til náms og þroska í leik, í samvinnu við foreldra og með velferð hvers barns að leiðarljósi.

Við erum **SMT (School Management Training)** skóli. Með **SMT**, með samræmdum aðferðum og sameiginlegri sýn höldum við vel utan um aga og hegðunarkennslu nemenda okkar. Við gerum það fyrst og fremst með því að gefa jákvæðri hegðun gaum, styrkja og hrósa fyrir það sem vel er gert.

2. Aðalnámskrá leikskóla

Starf leikskólans byggir á Aðalnámskrá leikskóla, sem gefin er út af Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Hún er rammi utan um allt starf leikskólans og markar stefnu og meginviðmið um gildi, skipulag og starfshætti leikskóla á Íslandi. Lögð er áhersla á leik, virkni barna, lýðræði, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun.

Í gegnum leik og fjölbreytta starfsemi er unnið markvisst að því að styðja við alhliða þroska barna og undirbúa þau fyrir áframhaldandi nám og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Aðalnámskráin styður við faglegt starf starfsfólks og tryggir að starfsemi leikskólans sé í takt við menntastefnu og lög um leikskóla.

3. Einkunnarorð/ gildi

Þessi einkunnarorð eru leiðarljós í öllu starfi leikskólans og endurspeglar áherslur okkar á heilbrigðan lífsstíl, gleði og jákvæð samskipti.

Hreyfing

Við leggjum áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi. Með því er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við eflum hreyfifærni og sköpum öruggt, hvetjandi umhverfi sem stuðlar að virkni og vellíðan allra.

Hollusta

Starfsfólk sýnir tryggð við markmið leikskólans, vinnur af heilindum og leggur sig fram í þágu skólans og eru samkvæm sjálfum sér. Tala um mat með jákvæðum hætti og efla meðvitund barna og starfsfólks um hollari valkosti.

Vellíðan

Vellíðan felst í því að börn hafi trú á sjálfum sér og eigin getu, búi yfir jákvæðri sjálfsmynd og upplifi öryggi í leik og starfi. Við viljum að börn og foreldrar komi glöð í leikskólann og fari ánægð heim í lok dags. Góð vellíðan er forsenda árangursríks starfs og jákvæðra tengsla. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og því mikilvægt að þeir tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og jákvætt viðhorf til heilsu og hreysti. Slíkt stuðlar ekki aðeins að persónulegri vellíðan heldur styrkir einnig fagmennsku í starfi. Jákvætt viðhorf starfsfólks gagnvart leiðarljósum skólans og samvinna allra aðila eflir heilbrigt og farsælt skólastarf.

Við leggjum áherslu á skapandi og fjölbreytt leikumhverfi þar sem samvinna og leikgleði eru í fyrirrúmi. Í anda Vygotskys teljum við að þroski eigi sér stað í félagslegu samhengi, í gegnum athafnir þar sem samvinna við aðra, gegnir lykilhlutverki. Vinnuumhverfi sem býður upp á ánægju og hreysti styrkir gagnkvæma virðingu, sjálfstraust, samkennd og samstöðu — bæði meðal barna og fullorðinna.

4. Megináherslur á skólaárinu

Núvitund

- Núvitundarstundir vikulega og daglegar æfingar sem fléttast inn í aðrar athafnir daglegs starfs.
- Bjóða nýjum kennurum handleiðslu og stuðning í notkun núvitundar í starfi.
- Deila hugmyndum og æfingum reglulega á starfsmannafundum.

Læsi og málþroski

- Halda áfram fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um málþroska og læsi.
- Nota gagnreyndar kennsluaðferðir í daglegu starfi.
- Lubbastundir á öllum deildum
- Viðhalda og þróa skipulag sem tryggir að börn á öllum þroska stigum fái viðeigandi stuðning.
- Vinna áfram með **K-PALS** aðferðir með elstu börnunum.

6. Hreyfing og heilsa

- Sinna skipulagðri íþróttakennslu fyrir börnin.
- Skipuleggja fjölbreytta og skemmtilega hreyfitengda viðburði.
- Efla hreyfingu í daglegu leikskólastarfi (útivera, hreyfileikir inni og úti).
- Viðhalda lykilþáttum samkvæmt leiðbeiningum Landlæknis.
- Skapa sameiginlega ábyrgð allra starfsmanna á framkvæmdinni.
- Skipulagðar hreyfistundir utan leikskóla fyrir starfsfólk.

Tónlist og TónMál

- Öll börn fara í skipulagða tónlistartíma einu sinni í viku.
- Nota TónMál kerfisbundið með 3–4 ára börnum.
- Áhersla á málörvun og forlestrarfærni með tónlist og leik.
- Halda tónlistarstefnu leikskólans lifandi í daglegu starfi og viðburðum.

Stærðfræði

- Skapa og nýta dagleg tækifæri til að efla stærðfræðilega hugsun barna.
- Setja markvisst inn stærðfræðilegar áskoranir í leik og verkefni.

Snemmtæk íhlutun

- Nota handbókina í daglegu starfi.
 - Hvetja starfsfólk til að nýta hana markvisst þegar þörf er á stuðningi.
-

- Deila reynslu og góðum dæmum milli deilda.

Samvinna milli deilda

- Halda áfram með flæði milli deilda kl. 14:00, þrjá daga vikunnar.
- Nota þetta skipulag til að styðja styttingu vinnuvikunnar og efla tengsl barna og starfsmanna milli deilda.

Lífsleikni og samverustundir

- Deildarstjórar halda utan um skipulag og framkvæmd.
- Tryggja að innihald lífsleiknitíma og samverustunda styðji markmið leikskólans.

Fjölmennning

Í Leikskólanum Smáralundi er fjölmennning séð sem mikilvæg auðlind sem eykur víðsýni og dýpkar reynslu barna og starfsfólks. Við leggjum áherslu á að öll börn og fjölskyldur, óháð uppruna, tungumáli eða menningarlegum bakgrunni, finni sig velkomin og þau séu virt. Við hvetjum til virðingar fyrir fjölbreytileikanum og kennum börnunum að meta ólíkar hefðir, tungumál og menningarlegar venjur. Í leik og námi fá börnin tækifæri til að kynnast menningu hvers annars og þannig stuðlum við að víðsýni, umburðarlyndi og jákvæðu viðhorfi til fjölbreytileikans í samfélaginu. Við höfum sérstakar þjóðavíkur þar sem við heiðrum og virðum menningu og uppruna fjölskyldna í leikskólanum með því að kynna heimalönd þeirra. Verkefni nemenda í þjóðavíku hafa verið mörg t.d. að fræðast um fána viðkomandi landa og staðsetningu þeirra, læra söngva og orð á erlendum tungumálum, skoða hvað er líkt með þjóðunum og hlusta á tónlist annarra þjóða. Þetta skólaár tilheyrum við 17 þjóðum. Það eru 24 börn sem hafa erlendan uppruna eða 36 % barnanna í skólanum.

Jafnrétti

Allir einstaklingar, börn jafnt sem starfsfólk, njóta virðingar og fá jöfn tækifæri óháð kyni, uppruna, tungumáli, trú eða öðrum aðstæðum. Markmið okkar er að skapa umhverfi þar sem fjölbreytileiki er metinn að verðleikum og hvert barn fær að njóta sín á eigin forsendum. Við vinnum markvisst að því að brjóta niður kynbundnar staðalímyndir og bjóða upp á fjölbreyttar fyrirmyndir í leik og starfi. Jafnrétti er leiðarljós í öllu starfi leikskólans og endurspeglast bæði í daglegum samskiptum, skipulagi náms og leiks, sem og í samstarfi við foreldra.

5. Starfsmannahald

Í Leikskólanum Smáralundi er lögð rík áhersla á jákvætt og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem starfsfólk er virkur hluti af heildinni. Mikil liðsheild og góð samvinna einkenna starfið, og er það sameiginlegur styrkur sem gerir okkur kleift að veita börnunum besta mögulega umönnun og menntun. Við leggjum áherslu á að starfsfólk finni fyrir trausti, virðingu og stuðningi í daglegu starfi sínu. Boðið er upp á endurmenntun og tækifæri til að þróast í starfi. Við leggjum áherslu á þátttöku allra í ákvarðanatöku til að stuðla að meiri samkennd og sameiginlegri ábyrgð á gæðum leikskólastarfsins. Markmið okkar er að Smáralundur sé vinnustaður þar sem vellíðan, jákvæð samskipti og fagleg samvinna eru í forgrunni, bæði fyrir starfsfólk og börnin.

Starfsmannalisti og hlutverk

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Kennari	9	8,5	B.Ed í leikskólakennarafræðum og leyfisbréf í kennslu (grunnskólakennari)
Háskólamenntaður sérkennari	3	2,5	Tómstunda og félagsfræðingur B.S í Sálfræði (B.S. í sálfræði, MA uppeldis og menntunarfræði og MA í hagnýtri atferlisgreiningu).
Háskólamenntaður starfsmaður	2	2	B.S í félagsráðgjöf. B.S í uppeldis og menntunarfræði
Aðstoðar leikskólakennari	1	1	Diplóma í leikskólafræðum
Stuðningsfulltrúi í leikskóla	2	1,47	Grunnskólapróf og stúdentspróf
Leikskóla og frístundaliði	8	8,2	Grunnskólapróf og Stúdentspróf

Starfsþróunaráætlun

Starfsþróun í Smáralundi felur í sér m.a.:

- Endurmenntun og þátttöku í námskeiðum sem styðja við faglega hæfni.
- Reglulegir starfsdagar þar sem nýjungar og aðferðir eru kynntar og unnar í sameiningu.
- Samstarf og reynsluskipti milli starfsfólks innan leikskólans og með öðrum skólastigum.
- Stuðning við nýliða í gegnum leiðsögn og innleiðingu í starfsemi leikskólans.

Áætlunin tryggir að starfsfólk hafi tækifæri til símenntunar, nýsköpunar og faglegrar þróunar sem styrkir heildarstefnu leikskólans og bætir gæði náms og leik fyrir börnin.

Starfsþróunarsamtöl

Við erum með starfsþróunarsamtöl sem haldin eru einu sinni á ári til að styðja við faglega þróun og starfsánægju starfsfólks. Í þessum samtölum er farið yfir markmið starfsfólks, námskeið og fræðslu sem viðkomandi hefur tekið þátt í, ásamt tækifærum til frekari þróunar og nýsköpunar í starfi. Samtölin stuðla að opnum og uppbyggilegum samskiptum milli stjórnenda og starfsmanna, styrkja samstarf og gera starfsfólki kleift að bera fram hugmyndir, áskoranir og markmið. Þannig tryggjum við að starfsfólk fái stuðning og leiðsögn sem hjálpar þeim að vaxa faglega og efla gæði leikskólastarfsins.

Símenntun og starfsþróun skólaárið 2024-2025:

- Allir starfsmenn sóttu námskeið á vegum BOFS
- Sóttum menntakvikuna.
- Tveir starfsmenn kláruðu grunnmenntun í SMT
- 4 starfsmenn sóttu ráðstefnu í Brighton
- Allt starfsfólkið sótti fyrirlestur um jákvæð samskipti
- Tveir starfsmenn fóru á PECS námskeið
- Fræðsla um tónlistarstarfið okkar.

Símenntunaráætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026:

- Deildarstjórar fara á námskeið hjá Árnýju og Jennýju til að valdefla þá.
- SMT – upprifjun.
- Núvitund > Fræða nýja starfsmenn um núvitundarstarfið okkar.
- Við reynum að fara á þau námskeið sem Hafnarfjarðarbær býður upp á.
- Skyndihjálp fyrir alla starfsmenn

Við munum halda áfram að hvetja starfsfólk í að nýta þá styrki sem eru í boði til að sækja sér símenntun utan leikskólans.

Móttaka nýliða

Markmiðið er að tryggja að nýliðar kynnist starfsemi leikskólans, starfsfólki, reglum og verklagi á öruggan og skýran hátt. Við bjóðum nýja starfsmenn velkomna með kynningu og fylgni frá reyndari starfsmanni sem leiðbeinir og styður í upphafi starfs. Þannig stuðlum við að góðri aðlögun, trausti og virku samstarfi frá fyrsta degi. Starfsfólk starfar eftir skýrum reglum um þagnarskyldu og trúnað. Allar

upplýsingar sem varða börn og fjölskyldur þeirra eru meðhöndlaðar af virðingu og leynd og aðeins miðlað áfram ef það er nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins eða samkvæmt lögum. Markmið okkar er að tryggja að foreldrar og forráðamenn geti treyst því að persónulegar upplýsingar séu ávallt í öruggum höndum. Trúnaður og fagleg ábyrgð eru því grunnstoðir í öllu starfi leikskólans.

6. Daglegt starf

Læsi og samskipti

Starfið hjá okkur byggir á gagnreyndum kennsluaðferðum sem stuðla að þróun málþroska, orðaforða og tjáskiptahæfni. Við vinnum markvisst með lestur, frásagnir, samtöl og leik sem örva áhuga barna á tungumálinu. Samskipti innan deilda og við foreldra eru byggð á virðingu, opnum samskiptum og samráði, sem skapar jákvætt og öruggt umhverfi fyrir börnin. Markmið okkar er að öll börn fái tækifæri til að þróa bæði læsi og félagslega færni, þannig að þau öðlist sjálfstraust og færni til að miðla hugsunum sínum á áhrifaríkan hátt.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan er í forgrunni hjá bæði börnum og starfsfólki. Markmiðið er að skapa öruggt, styðjandi og jákvætt umhverfi þar sem allir geta dafnað bæði líkamlega og andlega. Starfið felur í sér hreyfingu, heilsueflandi verkefni, heilbriggt mataræði, fræðslu um tilfinningar og félagsfærni, og stuðning við vellíðan barna í daglegum samskiptum. Starfsfólk leikskólans stuðlar að því að börnin tileinki sér jákvæð viðhorf til eigin heilsu og læri heilbrigða lífnaðarhætti sem nýtast þeim til framtíðar. Heilbrigði og vellíðan er samþætt í öllu starfi leikskólans og stuðlar að því að börn upplifi öryggi, gleði og vellíðan í daglegu lífi innan leikskólans.

Sjálfbærni og vísindi

Við leggjum áherslu á að börnin kynnist sjálfbærni og vísindum í gegnum leik og skapandi verkefni. Markmiðið er að vekja forvitni, efla skilning á náttúru og umhverfi og stuðla að ábyrgð gagnvart umhverfinu. Starfið felur í sér tilraunir, rannsóknarverkefni, athuganir og verkefni sem tengjast náttúruvísindum, sjálfbærum lífstíl og umhverfisvernd. Börnin læra að spyrja spurninga, prófa, skoða niðurstöður og draga ályktanir, sem styrkir gagnrýna hugsun og sköpunargáfu. Með því að samþætta sjálfbærni og vísindi í daglegu starfi stuðlum við að því að börnin þrói með sér ábyrgð, forvitni og skilning á umhverfi sínu og samfélagi.

Sköpun og menning

Sköpun og menning er miðpunktur daglegs starfs. Börnin fá tækifæri til að tjá sig, leika sér, skapa og upplifa fjölbreytta menningu í gegnum listir, tónlist, leik og frásagnir. Starfið byggir á því að örva sköpunargáfu, frumkvæði og sjálfstæða hugsun barna. Börnin kynnast mismunandi

menningarheimum, hefðum og listformum og læra að virða fjölbreytileika í samfélaginu. Markmið okkar er að sköpun og menning styrki sjálfsmýnd, ímyndunarafl og félagsfærni barnanna, og stuðli að gleði, vellíðan og forvitni í námi og leik.

Daglegt starf miðar að þessum námssviðum.

Daglegt starf í Leikskólanum er skipulagt með það að markmiði að styðja við nám og þroska barna á öllum námssviðum námskrárinnar. Starfið byggir á leik, sköpun, hreyfingu, tónlist og samvinnu, og er aðlagð að þörfum og áhuga hvers barns. Námssvið sem eru í forgrunni eru m.a.: mál og tjáning, stærðfræði, náttúra og samfélag, hreyfiproski, skapandi starf og menning, læsi og samskipti, sjálfbærni og vísindi, heilbrigði og vellíðan, félagsfærni og tilfinningastjórnun. Með markvissu starfi á þessum sviðum fá börnin tækifæri til að þróa grunnfærni, sjálfstraust, sköpunargáfu og ábyrgð. Daglegt starf tekur mið af námskrá, starfsáætlun, stefnur og áætlunum leikskólans og tryggir að öll börn njóti öruggs, styðjandi og fjölbreytts námsumhverfis.

7. Samstarf

Samstarf er mjög mikilvægur þáttur í okkar starfi, lögð er áhersla á opin, heiðarleg og uppbyggileg samskipti. Traust, virðing og jákvætt viðhorf eru grunnurinn að góðu samstarfi sem tryggir að allir upplifi sig sem hluta af sterkri liðsheild. Samstarf milli deilda og starfsfólks er lykilatriði í daglegu starfi, þar sem styrkleikar hvers og eins nýtast til að skapa faglegt og öflugt umhverfi fyrir börnin. Í samskiptum við foreldra er áherslan á reglulegt upplýsingaflæði, gagnkvæmt traust og samráð um velferð og þroska hvers barns. Haldinn er kynningarfundur fyrir nýja foreldra í október og foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, auk viðtala eftir þörfum. Foreldraráð leikskólans, skipað þremur fulltrúum foreldra, hefur umsagnarrétt um starfsáætlun og aðrar meiriháttar breytingar, og leikskólastjóri situr fundi ráðsins. Auk þess starfar öflugt foreldrafélag sem í nánun samstarfi við stjórnendur skipuleggur skemmtilega viðburði fyrir börnin, svo sem leikrit, jólaball og aðrar uppákomur.

Samstarf leik- og grunnskóla hefur verið eftir markvisst síðustu ár. Kennarar beggja skólastiga hittast í upphafi skólaárs og móta ítarlega áætlun sem stuðlar að samfelli í námi og leik barna. Regluleg samskipti milli skólanna styrkja faglegt samstarf og auðvelda börnunum að takast á við ný verkefni þegar þau hefja grunnskólanám. Leikskólinn á einnig í góðu samstarfi við nærsamfélagið, meðal annars með heimsóknum, þátttöku í viðburðum og samstarfi við stofnanir. Með þessum hætti fá börnin fjölbreytta reynslu, styrkja tengsl við umhverfi sitt og læra að taka virkan þátt í samfélaginu.

8. Stoðþjónusta

Sérkennsla og farsæld barna

Leikskólarnir í Hafnarfirði leggja ríka áherslu á farsæld barna og starfsfólks. Markmiðið er að skapa umhverfi þar sem börn upplifa vellíðan, öryggi og gleði í námi og leik.

Allir nemendur fá þann stuðning sem þeir þurfa til að þroskast og læra á eigin forsendum. Sérkennsla og einstaklingsmiðuð aðstoð er skipulögð í samráði við foreldra, kennara og aðra sérfræðinga þegar þörf er á. Markmið okkar er að styrkja færni barna á öllum sviðum, hvort sem það er málþroski, félagsfærni, tilfinningastjórnun eða hreyfiproski. Með snemmtækri íhlutun og markvissum stuðningi tryggjum við að börnin upplifi árangur, sjálfstraust og gleði í námi og leik. Starfsfólk vinnur eftir

leiðbeiningum handbókar um snemmtæka íhlutun og notar matstæki og áætlanir til að fylgjast með framvindu og aðlaga stuðninginn eftir þörfum. Þannig stuðlum við að því að öll börn fái jöfn tækifæri til náms og þátttöku í leikskólastarfinu.

9. Mat á skólastarfi

Það er stöðugt mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs. Markmiðið er að tryggja að börnin njóti öruggs, uppbyggjandi og fjölbreytts námsumhverfis sem stuðlar að þroska þeirra á öllum sviðum. Starfsfólk tekur reglulega þátt í mati á starfseminni, bæði á deildarfundum og í starfsmannahópnum. Notaðir eru matslistar, daglegar athuganir og mat á námskrá, starfsáætlun, stefnur og áætlanir leikskólans. Niðurstöður mats eru ræddar, umbætur og nýbreytni ákveðin og innleidd með markvissum hætti. Eftirlit með gæðum felur einnig í sér sjálfsmat, ytri úttektir og samstarf við foreldra og nærsamfélag. Þannig tryggjum við faglegt, öruggt og gæðamiðað starf sem mætir þörfum barna og styrkir starfsumhverfi starfsfólks.

Innra mat

Á síðasta skólaári var áherslan á að meta núvitund og lýðræði í starfi leikskólans. Starfsfólk metur þessa vinnu jákvætt og sér skýran ávinning fyrir börnin, sem læra að sýna virðingu, taka þátt í samræðum og tileinka sér sjálfsstjórn og einbeitingu. Allir kennarar taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Mat fer fyrst fram á deildum og niðurstöður deilda eru síðan kynntar og ræddar í starfsmannahópnum. Allur hópurinn samþykkir sameiginlegt endurmat, ákvarðar umbætur og innleiðir nýbreytni. Þannig tryggjum við að vinnan með núvitund og lýðræði haldi áfram að styrkjast í daglegu starfi. Við styðjumst við heimagerða matslista og leggjum mat á starfsemina í samræmi við skólanámskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans.

Allir voru sammála um að nota núvitund í starfi hefur mikla kosti og gengur vel á öllum deildum

Styrkleikar:

- Allir sammála um að núvitund í starfi hafi mikla kosti.
- Gengur vel á öllum deildum.
- Núvitund er nýtt vel í öllu skipulögðu starfi.

Það sem má bæta:

- Veita betri fræðslu svo nýtt starfsfólk geti tileinkað sér núvitund í starfi.
 - Nýta útiveru og matartíma betur fyrir núvitundarstundir.
 - Grípa öll tækifæri sem bjóðast til að nýta núvitund (sjálfspróttnar aðstæður).
 - Halda núvitundarvikur fyrir og eftir áramót.
-

Næstu skref:

- Skipuleggja stutt námskeið eða fræðslu fyrir nýtt starfsfólk.
- Setja inn hugmyndabanka fyrir útiveru og matartíma með einföldum æfingum.
- Hvetja starfsfólk til að deila dæmum af því hvernig það nýtir sjálfsprottna núvitund í starfi.
- Setja dagsetningar fyrir núvitundarvikur í starfsáætlun og skipuleggja fjölbreyttar leiðir til þátttöku barna og starfsmanna.

Hinn þátturinn sem við tókum fyrir var að meta lýðræði, við ætlum að vinna sérstaklega með það áfram enda margir þættir sem við getum bætt þar.

Styrkleikar:

- Börnin hafa þegar lært að velja á milli valkosta (svæði, dót, sæti).
- Starfsfólk er opið fyrir að hlusta á hugmyndir barnanna.

Það sem hægt er að bæta:

- Gefa börnunum fleiri tækifæri til að taka sameiginlegar ákvarðanir.
- Notað fjölbreyttar aðferðir svo öll börnin geti tekið þátt á sínum forsendum.

Næstu skref :

- Halda reglulega „barnaráðsfundi“ þar sem börnin ræða hvað þau vilja gera eða breyta.
- Notað atkvæðagreiðslur með kubbum, myndum eða handauppréttingum til að velja t.d. söng, leik eða sögubók.
- Bjóða upp á „hugmyndakassa“ þar sem börnin geta sett inn hugmyndir (með myndum eða orðum).
- Gefa börnunum hlutverk í daglegu starfi, t.d. að velja söng í samveru, ákveða röð í leik eða hjálpa við að velja efni í verkefni.
- Virkja yngri börnin með einföldum valkostum og sjónrænum stuðningi (t.d. „viltu byggja með kubbum eða lita?“).

Matsáætlun

Á þessu skólaári munum við meta **matarstundir** og **fjölmenningu**.

1. Matarstundir

- Markmið: Að tryggja að matarstundir séu rólegar, uppbyggilegar og félagslega styrkjandi fyrir börnin.
 - Aðgerðir:
 - Nýtt starfsfólk verður sérstaklega leitt inn í verklag tengt matarstundum.
-

- Rýnt verður í hvernig starfsfólk styður börnin í sjálfstæði, samskiptum og félagsfærni við borðið.
- Litið verður á upplifun barnanna sjálfra, bæði varðandi líðan og þátttöku.
- Mat: Starfsfólk skráir og rýnir reglulega í framkvæmdina og deildir kynna niðurstöður á skipulagsdegi í maí.

2. Fjölmennning

- Markmið: Að efla meðvitund og aðferðir leikskólans til að mæta fjölbreyttum bakgrunni barna og stuðla að vellíðan allra.
- Aðgerðir:
 - Greina hvernig fjölmennning birtist í daglegu starfi og hvernig við nýtum hana sem styrk í leik og námi.
 - Skoða móttökuáætlun erlendra barna
 - Skoða hvaða leiðir má bæta eða þróa til að efla þátttöku og jafnræði.
 - Skoða hvaða leiðir eru bestar í að örva málþroska tvítyngdra barna.
- Mat: Rýnihópar starfsfólks fara yfir framkvæmdina og leggja fram tillögur um umbætur á skipulagsdegi í maí.

Framkvæmd:

- Mat fer fram á deildum og í sameiginlegum starfsmannahópi.
- Niðurstöður verða nýttar til að móta umbætur og nýbreytni í starfi skólans fyrir næsta ár.

Ytra mat

Skólaskrifstofan stóð fyrir foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem framkvæmd var af Skólapúlsinum. Einnig var gerð starfsmannakönnun á vegum Prósent.

Stjórnun

Stjórnun hjá okkur byggir á skýru hlutverki, faglegri ábyrgð og góðu samstarfi milli stjórnenda og starfsfólks. Leikskólastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi, stefnumótun, fjárhagslegri ábyrgð og faglegu eftirliti með skólastarfinu.

Deildarstjórar styðja við framkvæmd stefnu og skipulag á deildum, fylgja eftir námskrá, stefnur og áætlanir, og tryggja faglegt samstarf innan deildanna. Samskipti milli stjórnenda og starfsfólks eru byggð á trausti, virðingu og gagnkvæmu tilliti til faglegra sjónarmiða.

Markmiðið er að skapa skýrt, faglegt og skipulagt umhverfi þar sem starfsfólk fær stuðning, tækifæri til fagþróunar og skýrar leiðir til ákvarðanatöku. Með öflugri stjórnunarstarfi tryggjum við að börnin fái öruggt, uppbyggilegt og gæðamiðað leikskólastarf.

Menning / leikskólabragur

Það sem einkennir menninguna í Smáralundi er :

- Góð samvinna og jákvæð samskipti.
- Metnaður, virðing, fagmennska og stuðningur.
- Liðsheild, gleði, fjör og hómor.
- Góð félagsleg tengsl milli starfsfólks.

Börnin njóta athygli og stuðnings starfsfólks sem byggir á faglegri þekkingu, og starfsumhverfið hvetur til leikgleði, frumkvæðis og lærdóms. Markmið okkar er að menningin / leikskólabragurinn styrki jákvæðan grunn fyrir námi, félagslegan þroska og lífshæfni barna, svo þau geti vaxið í öruggu, stuðningsríku og gleðilegu umhverfi.

Almennar upplýsingar

Leik- og grunnskólar Hafnarfjarðar eru með tvo samræmda skipulagsdaga næsta skólaár. Skipulagsdagarnir eru samtals sex í leikskólanum. Einum af þessum sex dögum er skipt niður í fjóra morgna og þá opnum við kl. 10.00.

- 22.ágúst > skipulagsdagur
- 18.sept. > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 14. nóv. > skipulagsdagur
- 11.des. > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 12.jan > skipulagsdagur
- 23.feb > skipulagsdagur
- 16.mars > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 13.apríl > starfsmannafundur opnum kl.10:00
- 08.maí > skipulagsdagur

10. Öryggi og velferð

Forvarnir:

Í Leikskólanum Smáralundi er lögð áhersla á markviss forvarna- og heilbrigðisstarfsemi. Markmiðið er að efla vellíðan, heilbrigði og öryggi barna á líkamlegu, andlegu og félagslegu sviði. Starfið felur í sér hreyfingu, heilsueflandi verkefni, fræðslu um tilfinningar og félagsfærni, heilbriggt mataræði og fræðslu um umhverfisvitund.

Lýðheilsa:

Leikskólinn vinnur samkvæmt stefnunni um heilsueflandi leikskóla sem Landlæknisembættið stýrir. Við stuðlum að heilbrigðum lífnaðarháttum og jákvæðu viðhorfi til eigin heilsu hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

Öryggisnefnd:

Öryggisnefnd leikskólans starfar að því að fylgjast með öryggismálum, meta áhættu og koma með tillögur til að tryggja öruggt umhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Áfallaráð:

Leikskólinn hefur áfallaráð sem bregst við alvarlegum atvikum eða neyðartilvikum, styður börn, foreldra og starfsfólk og tryggir faglega og skjót viðbrögð.

Öryggistrúnaðarmaður:

Öryggistrúnaðarmaður tryggir að upplýsingum um öryggismál sé komið á framfæri og að réttur barna og starfsfólks sé virtur samkvæmt reglum og lögum. Markmið alls þessa samstarfs er að skapa öruggt, heilbriggt og stuðningsríkt umhverfi þar sem börn og starfsfólk njóta öryggis og vellíðan daglega.

11. Lokaorð

Það sem einkennir skólann okkar er faglegt, öruggt og stuðningsríkt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að vaxa, læra og njóta. Starfið byggir á samvinnu, virðingu og jafnræði, þar sem bæði börn og starfsfólk njóta trausts og stuðnings. Við vinnum markvisst að því að efla læsi, núvitund, lýðræði, heilsu og félagsfærni barna, ásamt því að tryggja öryggi þeirra og vellíðan. Foreldrar og nærsamfélag eru virkir samstarfsaðilar sem styrkja faglegt starf og skapar heilsteypt umhverfi fyrir börnin. Starfsfólkið í Smáralundi er tilbúið að takast á við veturinn og þær áskoranir þetta skólaár, saman með gleði og jákvæðni í fyrirrúmi.
